



# Ávarp ritstjóra



Sveindís Anna  
Jóhannsdóttir



Guðný Björk  
Eydal

Það hefur sannarlega verið ánægjulegt verkefni að taka þátt í undirbúningi og útgáfu *Tímarits félagsráðgjafa* sem kemur nú út í átjándra sinn á 60 ára afmæli félagsins. Meginmarkmið *Tímarits félagsráðgjafa* er að miðla nýrri þekkingu í félagsráðgjöf, efla fræðilega og faglega stöðu greinarinnar og stuðla þannig að traustari grunni hennar til að auka gæði félagsráðgjafarþjónustu. Tímaritinu er skipt í tvo hluta sem fyrr, almennar greinar og ritrýndar greinar. Guðný Björk Eydal, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ, er ritstjóri ritrýnda hluta tímaritsins en Sveindís Anna Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri FÍ, ritstýrði almenna hlutanum. Auk þeirra sátu Chien Tai Shill og Herdís Björnsdóttir í ritstjórn og skiptu þannig með sér verkum að Chien Tai vann að ritrýndu efni og Herdís að almennu efni. Sem fyrr er formaður félagsins, Steinunn Bergmann, ábyrgðarmaður tímaritsins. Tímaritið er gefið út á prenti en kemur einnig út í rafrænni útgáfu.

Að þessu sinni bárust fjölmargar greinar til ritrýni og er höfundum þakkað fyrir áhuga á að birta greinar sínar í *Tímariti félagsráðgjafa*. Eins og gengur var eingöngu mögulegt að birta takmarkaðan fjölda greina en í ljósi mikils áhuga á að birta efni í tímaritinu er ritstjórn að skoða tillögur um að endurskoða það fyrirkomulag að hafa eingöngu einn skilafrest á ári, en hann hefur verið 1. september ár hvert. Eins bárust fjölbreyttar almennar greinar og ritstjórar þakka höfundum og ritrýnum fyrir sitt mikilvæga framlag.

Eins og í síðasta árgangi tímaritsins eru nú birtar fimm ritrýndar greinar og fjalla þær um fjölbreytt viðfangsefni. Fyrsta greinin, *Reynsla af andlegu ofbeldis-sambandi og því að treysta nýjum maka eftir það*, er byggð á eigindlegri rannsókn meðal þolenda andlegs ofbeldis. Önnur ritrýnda greinin, *Einmanaleiki og*

*félagsleg einangrun eldra fólks: Nýlegar íslenskar rannsóknir og alþjóðlegar áherslur*, fjallar um einmanaleika og félagslega einangrun meðal eldra fólks og nýlegar íslenskar rannsóknir og alþjóðlegar samantektir um efnið. Þriðja greinin er *Ofbeldi í nánum samböndum eins og það birtist í dómum*, en höfundar greinarinnar hafa innihaldsgreint dóma til að afla gagna um viðfangsefnið. Markmið fjórðu greinarinnar, *Upplifun og reynsla dómþola sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti*, er, eins og nafnið ber með sér, að varpa ljósi á upplifun og reynslu þeirra sem hafa sætt rafrænu eftirliti. Síðasta ritrýnda greinin, *Reynsla ungmenna af stuðningi barnaverndar – staða þeirra eftir 18 ára aldur*, byggir á rannsókn sem var gerð á tímabilinu 2021–2022 meðal ungmenna sem voru m.a. spurð hvaða breytingar þau vildu sjá á meðferðarkerfinu í ljósi reynslu sinnar.

Í ár eru sex almennar greinar birtar. Markmið greinarinnar *Endurhæfing fólks af erlendum uppruna* er að vekja athygli þeirra sem starfa í heilbrigðis- og velferðarþjónustu á viðfangsefninu, en greinin á einnig erindi til þeirra sem sinna stefnumótun og stjórnsýslulegu skipulagi endurhæfingar. Næsta grein ber heitið *Sjúkradagpeningar, framfærsla og samspil við önnur kerfi* en í henni er fjallað um hvernig sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga hafa þróast. Þriðja greinin, *Starfs-*

Skilafrestur ritrýndra greina í næsta tölublað er 1. september 2024.

Hægt er að skila inn öðru efni í tímaritið fram til áramóta 2024-2025.

[www.timaritfelagsradgjafa.is](http://www.timaritfelagsradgjafa.is)



*tengd lífsgæði fagfólks – fólkið í forgrunni*, fjallar um mannaud og starfsumhverfi innan heilbrigðisþjónustu og notkun viðurkenndra mælitækja til að meta líðan fagfólks. Fjórða greinin, *Innsæi og innra samtal – persóna fagmannsins og mikilvægi faglegrar handleiðslu*, er um hið mikla vægi sem sjálft fagsjálfið hefur og mikilvægi þess að tryggja aukið aðgengi að faglegrar handleiðslu. Í greininni *Samvinna eftir skilnað – barnanna vegna: Innleiðing og íslenskar rannsóknarniðurstöður* er fjallað um stafrænan vettvang og innleiðingu SES (samvinna eftir skilnað) á Íslandi ásamt niðurstöðum úr íslenskri rannsókn frá árinu 2022. Loks er síðan greinin *Endurhæfing og fjármál* þar sem greint er frá mikilvægi fjármálanámskeiða og sérhæfðrar fjármálaráðgjafar, en hvoru tveggja er mikilvægur liður í endurhæfingu.

Undir liðnum útgáfa og nýþekking er umfjöllun um bókina *Ég verð aldrei ungrú meðferileg. Baráttusaga Guðrúnar Jónsdóttur* sem er ævisaga stofn- og heiðursfélaga í Félagsráðgjafafélagi Íslands. Síðan eru þrjár aðrar bækur kynntar: *Lífið er staður þar sem bannað er að lifa: Bók um geðröskun og von*, *Grönt socialt arbeit* og *Nej, det er ikke bara dig*.

*Af vettvangi* er fastur liður í almennum hluta *Tímarits félagsráðgjafa* og hefst hann á frásögn um það hvernig var að vera *Fyrsti félagsráðgjafinn á Reykjavíndi*. Síðan er fréttagrein sem ber heitið *Kjarkur endurhæfing – Aftur út í lífið* og fjallar um þverfaglega endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Þá er grein sem ber titilinn *Gott að eldast á Íslandi*, en fólk lifir lengur en

áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við þetta. Að lokum er sagt frá þjónustuþróun í greininni *Ertu að skilja og skilur ekki neitt?*

Formaður félagsins fjallar um starfsemi þess í ávarpi sínu og gerir einnig sérstaka grein fyrir Félagsráðgjafabingi 2024 og alþjóðadegi félagsráðgjafar. Fráfarandi formaður síðanefndar tók saman pistil síðanefndar og formaður vísindanefndar ritaði pistil um vísindasjóð og styrkveitingar. Þá er frétt um þrjá nýja félagi sem hafa hlotið sérfræðileyfi í félagsráðgjöf.

Ritstjórar ítreka þakkir til höfunda, ritrýna, prófarkalesara og annarra sem koma að útgáfu *Tímarits félagsráðgjafa* árið 2024.

*Guðný Björk Eydal, ritstjóri ritrýndra greina*  
*Sveindís Anna Jóhannsdóttir, ritstjóri annars efnis*

*Sveindís lætur af störfum hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands 1. júní 2024 og þakkar ritstjórn og öllum sem komið hafa að útgáfu tímaritsins í ár fyrir gott og gefandi samstarf. Einnig færir hún formanni og stjórn FÍ bestu þakkir fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og óskar félagsfólki FÍ heilla og hamingju um alla framtíð.*